

# KJARVALSSTAÐIR

## Listráð

4 UNGIR LISTAMENN

FRÁ NORÐURLÖNDUM

---

Þessi sýning er hingað komin fyrir tilstilli Sonja Henies og Niels Onstad safnsins í Noregi og Norræna Menningarmálasjóðsins og hefur ferðast víða um Norðurlönd. Upphaflega voru þessir fjórir listamenn valdir á hinn þekktu Æsku-Biennial í París árið 1977, en þangað er jafnan boðið þeim listamönnum sem ekki hafa náð 35 ára aldri og þykja standa framarlega innan nýlista. Eru það gagnrýnendur sem ráða valinu en ekki opinberar nefndir í hverju landi.

Að þessum Æsku-Biennial loknum ákvað Sonja Henies og Niels Onstad safnið að vekja sérstaka athygli á fulltrúum Norðurlanda með þessari sérstöku sýningu á nokkrum verka þeirra. Hefur sýningin tekið nokkrum breytingum frá landi til lands. Daninn Björn Nörgaard ákvað t.d. að byggja upp nýtt verk hér á staðnum og er Snorra-Edda kveikjan að því, að hans sögn. Norðmaðurinn Viggo Andersen hefur og endurskoðað og breytt því verki sem hann sýnir. Myndir Ólafs Lárussonar og tréskúlpúrar Svíans Anders Aaberg eru hins vegar óbreytt.

Þar sem þetta er sérstæð sýning, er ekki úr vegi að lýsa nánar því sem fyrir augu áhorfandans ber, en allar frekari upplýsingar um listamennina er að finna í sýningarskránni. Hægra megin í salnum er verk Björns Nörgaard, samsett á staðnum, úr mublum, plasti, hraunhellum, mál, gífsi o.fl. Um verkið segir lista-

maðurinn : "Ég vinn með margar stakar hugmyndir í einu og er engin þeirra annarri mikilvægari. Best væri ef áhorfandinn notaði einungis eigin skilningavit og væri ekki að lesa þetta. Þó get ég líklega fullyrt að fjórir meginþæðir liggja að baki þessu verki.

1. Efnisnotkunin : Gífsið, leirinn, steinarnir, vatnið. Þetta eru allt eins konar frumefni.
2. Raunsæishugmyndin : Notkun á hlutum úr daglega lífinu, sófa-settinu, lampa, sjónvarpi o.fl.
3. Formhugsunin : T.d. notkun á þróarforminu og lagning gífsveggjarins.
4. Frásögnin : Verkið er byggt á skvun minni á Snorra-Eddu. Henni tilheyra t.d. hlutirnir sem standa á hraungrýtinu, bollinn, pottablómið og litli sauðurinn. Snorra-Eddu las ég fyrst í skóla, en árið 1971 tók ég þátt í tilraun til að stofna samyrkjubú og kommínu á eyju við strendur Danmerkur. Þar las ég aftur Íslendingasögurnar og Eddu og þær eru snæisafullar af sögum af fólki sem er einmitt að skapa sér þjóð

félag og eigin lífsmáta. Snorra-Edda er einnig mjög myndrík bók - þar er öllu lýst á stuttan og laggóðan hátt. Þess konar myndríki hef ég einnig reynt að stefna að í þessu verki".

Næst sjáum við tréskúlptúra Anders Aaberg, en hann gerir grein fyrir hugsunar-  
hætti sínum í skránni. Nægir að segja að verk hans grundvallist á ærslafullri  
fantasíu sem þó á sér stoð í alþýðulífi. Hlutir hans breyta sífellt um eðli,  
allt er í heiminum breytilegt, eftir því frá hvaða sjónhorni eða afstöðu maður  
nálkast það.

Konsept-myndir Ólafs Lárussonar hafa flestar verið hér á sýningum áður og  
vill listamaðurinn ekki fjölyrða um inntak þeirra. Mætti segja að Ólafur sé  
með skrásetningum á ákveðnum athöfnum að setja fram skáldlegar tilgátur um  
eðli þess sem við sjáum og skynjum.

Um verk sitt segir Viggo Andersen : "Ég ákvað að byggja hér herbergi, þegar  
ég hafði grandskoðað sýningarsalinn hér að Kjarvalsstöðum, þar  
eð ég sá að þau verk sem ég hafði áður sýnt á þessari sýningu  
mundu hreinlega hverfa í það gímal. En til að undirstrika  
séreinkenni míns herbergis, þá byggi ég það á ská í salnum og  
þræði hvítan kaðal ennfremur niður í herbergið, en hann fylgir  
hlutföllum salarins og beinir auga áhorfandans strax að stöðu  
herbergissins í salnum sem heild.  
Ég býst við að mig mætti kalla eins konar formkönnuð með sér-  
stakan áhuga á hreinum og klárum gildum og kannski blundar í  
mér eins konar dulspekingur, eins og Björn Nörngaard segir."

Stendur sýningin til sunnudagsins 23. júlí og er opin á venjulegum tíma.

A.I.